Siðmennt

Félag siðrænna
húmanista á Íslandi

Hallveigarstöðum
Túngötu 14
101 Reykjavík
sidmennt@sidmennt.is
sidmennt.is

Alþingi
Nefnc Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2018

Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um helgidagafrið, 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 206. - 134. mál.

Álit Siðmenntar:
Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja lagafrumvarpið um brottfall laga um helgidagafrið.

Rökstuðningur:
Siðmennt tekur undir megin röksemd flutningsmanna sem er:

Flutningsmenn sjá ekki ástæðu til að takmarka frelsi fólks með lögum þannig að það varði sektum að standa að t.d. bingó, happdrætti, dansleikjum eða öðrum samkomum á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frítökuréttur og hvíldartími er tryggður í kjarasamningum en til að réttur launafólks til frídaga eigi styrka lagastoð er lögð til orðalagsbreyting á 6. gr. laga um 40 stunda vinnuviku þannig að staðinn fyrir að þess sé getið að helgidagar þjóðkirkjunnar séu frídagar verði umræddir dagar taldir upp í ákvæðinu sem lögbundnir frídagar.

Þau tvö atriði sem þarna koma fram eru megin atriðin í málinu: 1. Takmörkun á frelsi fólks vegna helgidaga þjóðkirkjunnar og 2. Að tryggður sé frítökuréttur og hvíldartími í samningum stéttarfélaga við vinnuveitendur.

Núverandi lög eru barns síns tíma þegar samfélagið var mjög einsleitt en eru afar úrelt með hliðsjón af samfélaginu eins og það er í dag sem er fjölmenningarlegt

svo ekki sé nú talað um ferðamenn sem hafa þurft að vafra um þá daga sem allt er harðlæst

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F.h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri